

STJÓRNARHÆTTIR

FYRIRTÆKJA

LEIÐBEININGAR

20

ÖNNUR ÚTGÁFA

STJÓRNARHÆTTIR FYRIRTÆKJA er gefið út af Viðskiptaráði Íslands, Kauphöll Íslands og Samtökum atvinnulífsins

Leiðbeiningar þessar má eigi afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, ljósritun eða á neinn sambærilegan hátt að hluta til eða í heild, án skriflegs leyfis útgefenda.

Verkefnisstjóri: Davíð Scheving Thorsteinsson

Hönnun útlits: Matthildur Sigurgeirsdóttir

Ljósmyndir: NordicPhotos.

Prentun: Prentmet

2005 ISBN 9979-9635-5-7



EFNISYFIRLIT

1 INNGANGUR	5
2 STJÓRN	9
2.1 Skyldur	10
2.2 Starfsreglur	11
2.3 Upplýsingagjöf til stjórnar	12
2.4 Árangursmat	12
2.5 Óháðir stjórnarmenn	12
2.6 Mat á hvort stjórnarmenn séu óháðir gagnvart félagi	13
3 UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR	15
3.1 Stofnun undirnefnda	15
A Endurskoðunarnefnd	16
A.1 Skipun endurskoðunarnefndar	16
A.2 Val nefndarmanna	16
A.3 Hlutverk	17
B Starfskjaranefnd	17
B.1 Skipun starfskjaranefndar	17
B.2 Val nefndarmanna	17
B.3 Hlutverk	18
B.4 Kaupréttaráætlanir	18
4 ENDURSKOÐUN LEIÐBEININGA	19
5. VIÐAUKI – YFIRLIT YFIR TENGDAR REGLUR	20
5.1 Kjör stjórnenda	21
5.2 Framkvæmdastjóri	21
5.3 Stjórn	23
5.4 Upplýsingagjöf	25



1 INNGANGUR

Frelsi í viðskiptum hefur aukist og einnig svigrúm til athafna. Útrás fyrirtækja hefur sett mark sitt á þróunina og gagnkvæm tengsl fyrirtækja yfir landamæri hafa aukist stórlega. Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þessari þróun og íslensk fyrirtæki hafa sýnt að þau hafa kraft til að takast á við ný verkefni utan lands sem innan og stuðla með því að aukinni velmegun. Þessu aukna frelsi fylgir ábyrgð; fyrirtæki verða að sýna hluthöfum virðingu og hlúa að samskiptum við viðskiptavini og þjófðfélagið í heild. Íslenskt viðskiptalíf vill sýna í verki að fyrirtæki vilja mæta þeirri auknu ábyrgð sem á þeim hvílir. Það er vænleg leið til árangurs að viðskiptalífið sjálft sýni frumkvæði og taki upp starfsreglur sem styrkja innviði fyrirtækja og auka traust milli almennings og fyrirtækja. Gagnkvæm tiltrú almennings og viðskiptalífs er lykill að bættri samkeppnisstöðu Íslands og betri lífskjörum.

Mikilvægur þáttur í að tryggja trúverðugleika viðskiptalífsins var tilkoma leiðbeininga um stjórnarhætti fyrirtækja árið 2004. Í þeim var kveðið á




um að þær skyldi endurskoða í árslok 2005 og eru þessar nýju leiðbeiningar afrakstur þeirrar vinnu. Leiðbeiningarnar miða að því að leiðbeina fyrirtækjum um hvernig háttu beri samskiptum hluthafa, stjórna og stjórnenda. Þetta er í samræmi við starf á alþjóðavettvangi um stjórnarhætti fyrirtækja í breyttu og alþjóðavæddu starfsumhverfi. Fjöldmörg ríki, alþjóðastofnanir og samtök fyrirtækja hafa undanfarið ár samið tillögur um stjórnarhætti fyrirtækja, og umræða um þessi mál hefur verið all fyrirferðarmikil undanfarið.

Leiðbeiningar þessar henta hlutafélögum, hvort sem þau eru skráð í Kauphöll Íslands eða ekki, svo og einkahlutafélögum og fyrirtækjum í eigu ríkis og bæjarfélaga eftir því sem við á. Leiðbeiningarnar í heild sinni eða að hluta geta jafnframt nýst stjórnnum annarra félaga eða stofnana. Félögum er ekki skylt að fara að leiðbeiningum. Þó ber skráðum félögum að taka tillit til þeirra eins og fram kemur í grein 2.5.9 í reglum



fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands. Er fylgt svokallaðri „Fylgið eða skýrið“ reglu (e. comply or explain) sem felst í því að ef félag fylgir leiðbeiningum þessum ekki að öllu leyti ber því að greina frá slíkum frávikum og ástæðum þeirra í ársreikningi eða ársskýrslu.

Í starfshópi um stjórnarhætti fyrirtækja áttu sæti: Þórður Friðjónsson forstjóri Kauphallar Íslands, formaður, Ari Edwald framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins, Erlendur Magnússon framkvæmdastjóri hjá Íslandsbanka, Guðfinna S. Bjarnadóttir rektor Háskólans í Reykjavík, Ólafur Nilsson löggiltur endurskoðandi KPMG, Svanbjörn Thoroddsen forstöðumaður hjá Straumi-Burðarási fjárfestingabanka, Þorgeir Eyjólfsson forstjóri Lífeyrissjóðs verzlunarmanna og Þór Sigfússon framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs Íslands. Verkefnisstjóri var Davíð Sch. Thorsteinsson. Þá störfuðu Sigríður Á. Andersen lögfræðingur og Davíð Þorláksson hjá Viðskiptaráði með hópnum.



2 STJÓRN

Stjórn félags ber mikla ábyrgð þar sem hún fer með æðsta vald félags á milli hluthafafunda. Meginhlutverk stjórnar samkvæmt lögum og eðli máls má draga saman í eftirfarandi:

- Stjórninni ber að stuðla að viðgangi fyrirtækisins og er ábyrg fyrir því að hafa yfirumsjón með rekstrinum í heild og eftirlit með stjórnendum.
- Stjórninni ber ásamt framkvæmdastjóra¹ að hafa forystu um að móta stefnu fyrirtækisins bæði til skamms tíma og langframa.
- Stjórninni ber að sjá um að hagsmuna allra hluthafa sé ávallt gætt, enda eiga stjórnarmenn ekki sérstaklega að gæta hagsmuna þeirra aðila sem studdu þá til stjórnarsetu.

Í kafla 5.3 hér á eftir má finna yfirlit yfir helstu ákvæði hlutafélagalaga sem varða stjórn hlutafélags.

¹ Hér og annarsstaðar í leiðbeiningunum er átt við framkvæmdastjóra/forstjóra sem ráðinn er af stjórn, en ekki framkvæmdastjóra deilda eða sviða.

Eftirfarandi leiðbeiningar um stjórn og undirnefndir eru til þess fallnar að tryggja góða stjórnarhætti við nánari útfærslu á því hvernig stjórnin sinnir skyldum sínum.

2.1 Skyldur

Hver sá sem valinn er til stjórnarsetu skal vera þeim hæfileikum búinn að geta rækt skyldur sínar sem stjórnarmaður og hafa möguleika á að verja þeim tíma til stjórnarstarfa, sem slík seta krefst. Mikilvægt er að þeir sem sitja í stjórnnum fyrirtækja geri sér grein fyrir þeim skyldum sem á þeim hvíla.

Árangursrík stjórnarstörf krefjast kunnáttu á starfsemi félagsins. Frumskilyrði þess að stjórnin starfi vel og skili góðum árangri er að hún sé skipuð einstaklingum, sem bæta hvern annan upp með mismunandi þekkingu, hæfileikum og færni. Sérhver stjórnarmaður verður að hafa tíma til að sinna stjórnarstörfum sínum í þágu fyrirtækisins. Stjórnarmenn þurfa að:

- Þekkja þau lög og reglur sem í gildi eru um fyrirtækjarekstur og viðkomandi starfsemi, skilja hlutverk sitt og í hverra þágu unnið er.
- Hafa skilning á markmiðum og verkefnum félagsins svo og skilning á því hvernig þeir eiga að haga störfum sínum í stjórninni til að stuðla að því að þessi markmið náist.
- Hafa skilning á hlutverki stjórnar, góða dómgreind og innsæi.
- Taka sjálfstæðar ákvarðanir í hverju máli fyrir sig.
- Tryggja að til staðar sé innra eftirlit, fá í hendur upplýsingar til að fylgjast með rekstrinum og að ákvörðunum stjórnar sé framfylgt.
- Fullvissa sig um að þess sé jafnan gætt að lögum, reglum og reglugerðum sé fylgt.
- Stuðla að góðum starfsanda.

2.2 Starfsreglur

Stjórn setji sér skriflegar starfsreglur þar sem fjallað er um hlutverk og framkvæmd starfa stjórnarinnar.

Starfsreglur þurfa að fjalla um verkaskiptingu stjórnar og samskipti stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra. Þær upplýsingar, sem fram koma í starfsreglum stjórnar munu jafnframt auðvelda hluthöfum að meta störf stjórnarinnar.

Starfsreglur stjórnar ættu að fjalla um eftirtalda þætti:

- Skiptingu starfa stjórnar.
- Verksvið stjórnar og stjórnarformanns.
- Undirnefndir stjórnar.
- Boðun funda, tíðni þeirra, þátttakendur og form.
- Fundargögn.
- Fundargerðir.
- Ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur.
- Þagnar- og trúnaðarskyldu.
- Vanhæfi.
- Tengingu við aðrar reglur innan félagsins.
- Tengingu við aðrar reglur eftir því sem við á, s.s. frá Fjármálaeftirliti og Kauphöll Íslands, sjá m.a. yfirlit í kafla 5.3.

Stjórnarformaður ber ábyrgð á því að stjórnin gegni hlutverki sínu með skilvirkum hætti og því er nauðsynlegt að starfslýsing liggi fyrir um störf og ábyrgð stjórnarformanns og hvernig ætlast er til að hann sinni störfum sínum.

2.3 Upplýsingagjöf til stjórnar

Mikilvægt er að stjórnir fái með reglubundnum hætti viðunandi upplýsingar frá framkvæmdastjóra til þess að geta sinnt skyldum sínum. Nauðsynlegt er að fyrir liggi með hvaða hætti sú upplýsingagjöf fari fram.

Stjórnarmenn þurfa að fá upplýsingar um fjármál, uppbyggingu og rekstur félagsins með reglubundnum hætti svo þeir geti sinnt hlutverki sínu. Jafnframt er mikilvægt að kynna fyrirtækið ítarlega fyrir nýjum stjórnarmönnum.

Þær upplýsingar sem framkvæmdastjóri leggur fyrir stjórn þurfa bæði að berast tímanlega og vera í því formi og af þeim gæðum að stjórnin geti gegnt störfum sínum þannig að vel verði við unað.

2.4 Árangursmat

Æskilegt er að stjórn meti með reglubundnum hætti störf sín, verklag og starfshætti, svo og framgang félagsins, með aðstoð utanaðkomandi aðila eftir því sem við á.

Slíkt árangursmat felur m.a. í sér að stjórnin leggi mat á styrkleika og veikleika í störfum sínum og verklagi og hugi að þeim hlutum sem hún telur að betur megi fara í stjórnarstörfum.

2.5 Óháðir stjórnarmenn

Æskilegt er að meirihluti stjórnar sé óháður félaginu, sbr. skilgreiningu undir lið 2.6. Að auki er æskilegt að minnsta kosti tveir stjórnarmanna séu óháðir stórum hluthöfum í félaginu.

Skylda stjórnarinnar er að hafa eftirlit með þeim, sem annast daglegan rekstur félagsins. Því er æskilegt að meirihluta stjórnar skipi stjórnarmenn sem eru óháðir gagnvart félaginu og að af þeim séu að minnsta kosti tveir stjórnarmenn, sem eru óháðir stórum hluthöfum í fyrirtækinu sé miðað við 5 manna stjórn.

Stór hluthafi er hver sá sem ræður yfir að minnsta kosti 10% af heildarhlutafé í félaginu, einn eða í samstarfi við sér nátengda aðila.

2.6 Mat á hvort stjórnarmenn séu óháðir gagnvart félagi

Stjórnin skal sjálf meta hvort stjórnarmaður sé óháður gagnvart félaginu og skýra frá niðurstöðu sinni í ársreikningi eða ársskýrslu félagsins.

Ef meirihluti stjórnar er ekki óháður félaginu er mikilvægt að þess sé getið í ársskýrslu. Stjórnarmaður telst ekki óháður félaginu:

- Ef hann er eða hefur verið starfsmaður fyrirtækisins eða fyrirtækjasamsteypunnar undanfarandi þrjú ár.
- Ef hann þiggur greiðslur frá fyrirtækinu, eða æðstu stjórnendum þess, fyrir utan þau laun sem hann fær sem stjórnarmaður, t.d. sem ráðgjafi eða verktaki.
- Ef hann er tengdur nánum fjölskylduböndum einhverjum af ráðgjöfum, stjórnarmönnum, eða æðstu stjórnendum fyrirtækisins.
- Ef hann er einn af æðstu stjórnendum í öðru fyrirtæki, sem er í umtalsverðum viðskiptum við fyrirtækið.
- Ef hann er einn af æðstu stjórnendum fyrirtækis þar sem einn af æðstu stjórnendum fyrirtækisins situr sem stjórnarmaður.
- Ef hann er í miklum viðskiptum, eða hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta í félaginu.
- Ef hann er aðili að árangurstengdu umbunarkerfi hjá félaginu.
- Ef stjórninni er kunnugt um einhver önnur atriði, þar sem hagsmunir stjórnarmanns og félagsins geta skarast verulega.

Stjórnarmenn eiga að leggja fram upplýsingar um sig sjálfa til þess að auðvelda stjórninni að framkvæma ofangreint mat og tilkynna um þær breytingar sem verða á högum þeirra sem geta haft áhrif á mat stjórnar á hvort þeir teljist óháðir. Æskilegt er að í ársreikningi eða ársskýrslu séu birtar eftirfarandi upplýsingar um stjórnarmenn:

- Nafn, fæðingardagur og ár.
- Menntun.
- Aðalstarf.
- Starfsferill.
- Fyrst kosinn í stjórn.
- Önnur trúnaðarstörf.
- Eignarhlutir í félaginu.
- Kaupréttarsamningar við félagið.
- Maki.

3 UNDIRNEFNDIR STJÓRNAR

Gott skipulag á störfum stjórnar er forsenda þess að störf stjórnenda og rekstur félagsins gangi snurðulaust fyrir sig. Að stofna til undirnefnda, sem hluti stjórnarmanna á sæti í, getur bætt starfshætti í þeim málum sem stjórninni ber að annast. Þeir stjórnarmenn sem sinna störfum í slíkum sérhæfðum nefndum geta einbeitt sér betur að þeim verkefnum sem þeim eru falin heldur en þegar öll stjórnin er saman komin. Mikilvægt er að undirnefndir geri stjórn reglulega grein fyrir helstu niðurstöðum úr starfi sínu.

3.1 Stofnun undirnefnda

Til að gera störf stjórnarinnar markvissari getur hentað að stofnað sé til sérstakra undirnefnda hennar. Stjórnin kýs úr sínum hópi nefndarmenn og formann undirnefnda. Í ársskýrslu ber að skýra frá því hverjir sitja í hverri undirnefnd.

Það getur verið nauðsynlegt að fela undirnefndum stjórnna að fjalla um ákveðna þætti, einkum þeirra sem snúa að fjárhagslegu eftirliti og umbun til framkvæmdastjóra og umbunarkerfi æðstu stjórnenda. Stjórn verður að meta þörfina fyrir slíkar nefndir eftir stærð og umfangi fyrirtækisins svo og samsetningu stjórnar.

A ENDURSKOÐUNARNEFND

A.1 Skipun endurskoðunarnefndar

Æskilegt er að endurskoðunarnefnd sé skipuð ef umfang fyrirtækisins er slíkt að telja megi mikilvægt að eftirlit og skýrslur um fjárhag fái nánari umfjöllun og greiningu í smærri hópi manna heldur en hjá stjórninni allri.

Endurskoðunarnefnd ber að fara yfir fjárhagslegar upplýsingar og fyrirkomulag upplýsingagjafar frá stjórnendum og ganga þannig úr skugga um að þær upplýsingar sem stjórnin fær um rekstur, hag og framtíðarhorfur félagsins gefi sem gleggsta mynd af stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma.

Þau fyrirtæki, sem ekki hafa þegar sett á stofn slíka nefnd, skulu meta árlega hvort þörf sé á að slíkri nefnd verði komið á fót.

A.2 Val nefndarmanna

Endurskoðunarnefnd skal skipuð þremur nefndarmönnum hið minnsta og meirihluti nefndarinnar skal vera óháður félaginu. Þó gæti nefndin verið skipuð tveimur mönnum en þá þurfa báðir að vera óháðir félaginu. Nefndarmenn skulu hafa þekkingu og reynslu í samræmi við störf nefndarinnar.

Þar sem hlutverk endurskoðunarnefndar er að fjalla um fjármál, uppgjör og eftirlit með þeim þurfa allir nefndarmenn að hafa staðgóða þekkingu á reikningshaldi og ársreikningagerð.

A.3 Hlutverk

Stjórnin skal skilgreina hlutverk endurskoðunarnefndar með hliðsjón af þörfum félagsins.

Hlutverk nefndarinnar ætti meðal annars að vera eftirfarandi:

- Eftirlit með fjárhagslegri stöðu félagsins.
- Mat á innra eftirlitskerfi félagsins og áhættustýringu.
- Mat á skýrslugerð stjórnenda um fjármál.
- Mat á hvort öllum lögum og reglugerðum sé fylgt.
- Undirbúningur á vali löggilts endurskoðanda félagsins.
- Beinn aðgangur að löggiltum endurskoðanda félagsins.
- Mat á endurskoðunarskýrslum.
- Mat á öðrum störfum löggilts endurskoðanda félagsins.

B STARFSKJARANEFND

B.1 Skipun starfskjaranefndar

Stjórn getur skipað sérstaka starfskjaranefnd til að semja við framkvæmdastjóra og aðra starfsmenn ef þeir eiga sæti í stjórn um laun og önnur starfskjör. Jafnframt getur slík nefnd mótað stefnu ef um er að ræða árangurstengingu launa og/eða kauprétt að hlutabréfum í félaginu.

Lagt er til að starfskjaranefnd sé starfrækt í öllum tilfellum þar sem framkvæmdastjóri á jafnframt sæti í stjórn, eða ef stjórnarformaður eða aðrir stjórnarmenn eru jafnframt starfsmenn félagsins.

B.2 Val nefndarmanna

Starfskjaranefnd skal skipuð þremur mönnum og skal meirihluti nefndarinnar vera óháður félaginu. Þó gæti nefndin verið skipuð tveimur mönnum en þá þurfa báðir að vera óháðir félaginu.

Vegna eðlis starfa starfskjaranefndar má hvorki framkvæmdastjóri né annar starfsmaður eiga sæti í nefndinni.

B.3 Hlutverk

Stjórnin skal skilgreina hlutverk starfskjaranefndar.

Skyldur og starfsaðferðir starfskjaranefndar skulu skilgreindar í því erindisbréfi, sem stjórnin setur nefndinni, og skulu þær taka mið af þörfum félagsins.

Hlutverk nefndarinnar ætti meðal annars að felast í eftirfarandi:

- Semja við framkvæmdastjóra um laun og önnur starfskjör.
- Semja við aðra starfsmenn sem jafnframt eru í stjórn um laun og önnur starfskjör.
- Móta stefnu um hvernig kjaramálum félagsins skuli háttað, þ.m.t. árangurstengingu launa og kauprétt að hlutabréfum í félaginu.

B.4 Kaupréttaráætlanir

Æskilegt er að helstu ákvæði kaupréttaráætlana séu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar

Ef stefnt er að því að gera samninga við starfsmenn um kauprétt að hlutabréfum, eða þeim seld hlutabréf með endursölurétti, er æskilegt að helstu ákvæði þeirra samninga og/eða áætlunar séu lögð fyrir hluthafafund til samþykktar. Með helstu ákvæðum er m.a. átt við heildarfjölda hlutabréfa í áætluninni, hámarkslengd kaupréttarsamninga, tíma- bil sem starfsmenn mega nýta réttinn, viðmiðun við ákvörðun kaupverðs og kjör, ef um lán er að ræða, en ekki samninga við einstaka starfsmenn eða fjárhæðir þeirra.

Ef kaupréttaráætlunin nær jafnframt til stjórnarmanna er lagt til að fjallað sé sérstaklega um þann hluta kaupréttaráætlunar á hluthafafundi samhliða umfjöllun um laun til stjórnarmanna.

4 ENDURSKOÐUN LEIÐBEININGA

Lagt er til að leiðbeiningar þessar verði endurskoðaðar reglulega í ljósi reynslunnar.

Rétt er að minna á að engin alþjóðleg skilgreining er til um góða stjórnarhætti og því má búast við því að umræðan um góða stjórnarhætti haldi áfram. Því er nauðsynlegt að fylgjast náið með þróun þessara mála bæði héraðs og á alþjóðavettvangi og endurskoða þessar leiðbeiningar reglulega.

5. VIÐAUKI – YFIRLIT YFIR TENGDAR REGLUR

Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja eru nokkuð styttri og einfaldari að efni en þær erlendu reglur sem voru megin fyrirmyndin. Ástæða þess er m.a. sú að erlendu leiðbeiningarnar innihalda oft atriði sem fjallað er um hérlandis í reglum fyrir útgefendur verðbréfa í Kauphöll Íslands hf. (kauphallareglum) sem finna má á www.icex.is og lögum nr. 2/1995 um hlutafélög (hlutafélagalögum). Þá má nefna leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, sjá www.fme.is. Hér verður gefið stutt yfirlit um slíkar reglur með tilvísun til viðeigandi ákvæða. Kauphallarreglurnar tóku gildi 1. janúar 2005 og hlutafélagalögin teljast nokkuð nýleg auk þess sem þeim var síðast breytt árið 2003. Þær hafa að mestu fylgt þeirri þróun sem orðið hefur á þessu sviði.

5.1 Kjör stjórnenda

Reglur um upplýsingaskyldu um launakjör stjórnenda má finna í grein 2.5 í kauphallarreglum. Jafnframt er fjallað um launakjör stjórnenda í 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994. Ekki er fjallað um slíka upplýsingaskyldu í hlutafélagalögum, heldur segir aðeins í 79. gr. að aðalfundur ákveði laun stjórnarmanna og fulltrúanefndarmanna (1. mgr.) og að stjórn ákveði laun framkvæmdastjóra (2. mgr.).

Í fyrrnefndri grein kauphallarreglna er sú skylda lögð á félag að upplýsa um eftirtalin atriði í ársreikningi:

- Kjör framkvæmdastjóra og stjórnarmanna og ef við á kjör sömu manna í félögum í sömu samstæðu, sem og kjör skoðunarmanna og fulltrúanefndarmanna, sbr. grein 2.5.2 og 2.5.5. Einnig skal getið um óvenjuleg viðskipti félagsins við þessa aðila, sbr. grein 2.5.6 og 2.5.7 og 1. mgr. 43. gr. laga um ársreikninga nr. 144/1994 og hlutfjáreign þeirra í félaginu, sbr. grein 2.5.8.
- Upplýsingar um heildarkjör annarra stjórnenda og fjölda stjórnenda, sbr. grein 2.5.3 og 2.5.5 og heildarhlutabréfaeign þeirra í félaginu, sbr. grein 2.5.8.
- Upplýsingar um heildargreiðslur til endurskoðenda, sbr. grein 2.5.4.

5.2 Framkvæmdastjóri

Hlutafélagalögin hafa að geyma margvíslegar reglur sem varða framkvæmdastjóra.

Hlutverk

- Fer með daglegan rekstur eftir nánari fyrirmælum stjórnarinnar, sbr. 2. mgr. 68. gr.
- Fer ásamt félagsstjórn með stjórn félagsins, sbr. 1. mgr. 68. gr.

Hæfi

- Almennar hæfisreglur eru í 66. gr.
- Má ekki vera stjórnarformaður, sbr. 1. mgr. 70. gr.
- Má ekki vera í fulltrúanefnd, sbr. 2. mgr. 73. gr.

- Má ekki taka þátt í samningsgerð þar sem hann hefur persónulegra hagsmuna að gæta sbr. 72. gr.

Réttindi

- Getur krafist þess að stjórnarfundur verði haldinn og hefur málfrelsi og tillögurétt á þeim, sbr. 2. mgr. 70. gr. auk þess sem hann getur lagt fram bókun á þeim, sbr. 3. mgr. 70. gr.
- Getur komið fram fyrir hönd félagsins, sbr. 75. gr.
- Getur krafist þess að hluthafafundur verði boðaður, sbr. 2. mgr. 87. gr.
- Getur höfðað mál vegna ákvarðana hluthafafundar, sbr. 1. mgr. 96. gr.

Athafnaskyldur

- Ber að tryggja að bókhald sé rétt fært og að meðferð eigna sé með tryggilegum hætti, sbr. 3. mgr. 68. gr.
- Ber að upplýsa um hlutafjáreign sína í félaginu, sbr. 1. mgr. 67. gr.
- Ber að leggja fram upplýsingar um ársreikninga á aðalfundi sé þess krafist, sbr. 1. mgr. 91. gr.
- Ber að skýra hluthafafundi frá breytingum sem orðið hafa á eignum eða skuldum ef til stendur að skipta félaginu, sbr. 2. mgr. 133. gr.

Athafnaleysissskyldur

- Má ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með bréf í félaginu, sbr. 2. mgr. 67. gr.
- Má ekki gera neitt sem aflar einhverjum ótilhlýðilega hagsmuni á kostnað félagsins eða hluthafa, sbr. 1. mgr. 76. gr.
- Má ekki framfylgja ólöglegum ákvörðunum, sbr. 2. mgr. 76. gr.
- Má ekki taka lán hjá félaginu, sbr. 1. mgr. 104. gr.

Ábyrgð

- Ber persónulega ábyrgð á að félag skrái sig ekki fyrir eigin hlutum þegar hlutafé er aukið, sbr. 3. mgr. 62. gr.
- Ber skaðabótaábyrgð gagnvart félaginu valdi hann því tjóni, sbr. 1. mgr. 134. gr.
- Ber refsíábyrgð fari hann ekki eftir hlutafélagalögunum, sbr. 152. gr.

5.3 Stjórn

Hlutfélagalögin hafa að geyma margvíslegar reglur sem varða stjórn félags.

Hlutverk

- Fer með málefni félags og skal sjá um að skipulag og starfsemi félags sé í góðu horfi, sbr. 1. ml. 1. mgr. 68. gr.
- Fer ásamt framkvæmdastjóra með stjórn félagsins, sbr. 2. ml. 1. mgr. 68. gr.
- Kemur fram fyrir hönd félags og ritar firma þess, sbr. 1. mgr. 74. gr.

Hæfi stjórnarmanna og stjórnar

- Meirihluti þarf að vera skipaður mönnum sem eru ekki framkvæmdastjórar félagsins, sbr. 2. mgr. 65. gr.
- Helmingur stjórnar þarf að vera búsettur héraðs eða í EES-ríki, sbr. 2. mgr. 66. gr.
- Skulu vera lögráða og fjár síns ráðandi, sbr. 1. mgr. 66. gr.
- Mega ekki hafa hlotið refsidóm vegna atvinnurekstrar s.l. 3 ár, sbr. 1. mgr. 66. gr.
- Mega ekki taka þátt í samningsgerð þar sem þeir hafa persónulegra hagsmuna að gæta sbr. 72. gr.
- Mega ekki sitja í fulltrúanefnd, sbr. 2. mgr. 73. gr.
- Framkvæmdastjóri félags má ekki jafnframt vera stjórnarformaður, sbr. 1. mgr. 70. gr.
- Stjórn er ákvarðanabær þegar meirihluti stjórnarmanna er á fundi, sbr. 1. mgr. 71. gr.

Réttindi

- Getur samþykkt skuldajöfnun kröfu sem risin er vegna áskriftar að hlutfé, sbr. 2. mgr. 16. gr.
- Getur innheimt ógreitt hlutfé með málsókn eða afhent hlutinn öðrum, sbr. 2. mgr. 17. gr.
- Getur samþykkt veðsetningu á hlut, nema annað sé ákveðið í samþykkt, sbr. 2. mgr. 23. gr.

- Getur ákveðið ásamt eiganda a.m.k. 90% hlutafjár að öðrum hluthöfum sé gert skylt að sæta innlausn á sínum hlutum, sbr. 1. mgr. 24. gr.
- Getur ákveðið að hlutabréf í félaginu skuli vera rafræn, sbr. 2. mgr. 27. gr.
- Getur höfðað ógildingarmál vegna glataðra hlutabréfa, sbr. 8. gr. 27 gr.
- Getur gefið út bráðabirgðaskírteini ef hlutur er ekki að fullu greiddur, sbr. 1. mgr. 28. gr.
- Getur gert nauðsynlegar breytingar á samþykktum vegna hlutafjárhækkunar, sbr. 3. mgr. 40. gr. og 3. mgr. 49. gr. og hlutafjárhlækkunar, sbr. 1. mgr. 54. gr.
- Getur skorað á aðila að sækja ósótt jöfnunarhlutabréf og svo selt þau verði þau enn ósótt, sbr. 44. gr.
- Getur fellt ákvæði um hlutafjárhlækkun úr samþykktum þegar frestur til áskriftar að hlækkuninni er runninn út, sbr. 3. mgr. 45. gr.
- Getur samþykkt hlutafjárhlækkun en þó aðeins með heimild í 2. til 4. tl. 2. mgr. 51. gr., sbr. 3. mgr. 51. gr.
- Getur veitt prókúruumboð, sbr. 4. mgr. 68. gr.
- Getur í einstökum tilfellum ákveðið að framkvæmdastjóri hafi ekki mál-frelsi og tillögurétt á stjórnarfundi, sbr. 2. mgr. 70. gr.
- Getur varið smávægilegum fjárhæðum til góðgerðarmála, sbr. 2. mgr. 103. gr.

Athafnaskyldur

- Skal taka saman skriflega greinagerð ef stofnfé er annað en peningar, sbr. 2. mgr. 8. gr.
- Skal tilkynna félag til skráningar, sbr. 1. mgr. 14. gr.
- Skal greina forkaupsréttarhöfum frá tilkynningu um tilboð í hlut sem er undirorpinn forkaupsrétti, sbr. 3. mgr. 22. gr.
- Skal sjá til þess að breytingar á hlutabréfum séu áritaðar á þau, sbr. 7. mgr. 27. gr.
- Skal gera hlutaskrá, sbr. 1. mgr. 30. gr.
- Skal tilkynna um hlutafjárhlækkun, sbr. 3. mgr. 40. gr.
- Skal greina hluthafafundi frá kaupum á eigin hlutum, sbr. 2. mgr. 56. gr.

- Skal lækka hlutafé ef eigin hlutir eru ekki seldir þegar það er skylt, sbr. 61. gr.
- Skal ráða framkvæmdastjóra, sbr. 2. mgr. 65. gr.
- Skal tilkynna um meiriháttar ráðstafanir sem framkvæmdastjóri hefur gert, sbr. 2. mgr. 68. gr.
- Skal annast um að nægjanlegt eftirlit sé haft með bókhaldi og meðferð fjármuna, sbr. 3. mgr. 68. gr.
- Skal stjórn móðurfélags, þegar samstæða er mynduð, tilkynna stjórn dótturfélags það og stjórn dótturfélags skal veita nauðsynlegar upplýsingar, sbr. 1. mgr. 69. gr.
- Skal kjósa sér formann nema samþykktir kveði á um að hluthafafundur geri það, sbr. 1. mgr. 70. gr.
- Skal setja sér starfsreglur, sbr. 4. mgr. 70. gr.
- Skal boða til hluthafafundar innan 6 mánaða frá því að eigið fé er orðið minna en helmingur af hlutafé, sbr. 4. mgr. 84. gr.
- Skal annast boðun hluthafafundar, sbr. 1. mgr. 87. gr.
- Skal leggja fram upplýsingar um ársreikninga á aðalfundi sé þess krafist, sbr. 1. mgr. 91. gr.
- Skal afhenda bú til gjaldþrotaskipta þegar við á, sbr. 1. mgr. 105. gr.
- Skal tilkynna um samruna, sbr. 128. gr.
- Skal skýra hluthafafundi frá breytingum sem orðið hafa á eignum eða skuldum ef til stendur að skipta félaginu, sbr. 2. mgr. 133. gr.

Athafnaleysisskyldur

- Má ekki gera neitt sem aflar einhverjum ótilhlýðilegra hagsmuni á kostnað félagsins eða hluthafa, sbr. 1. mgr. 76. gr.
- Má ekki framfylgja ólöglegum ákvörðunum, sbr. 2. mgr. 76. gr.

5.4 Upplýsingagjöf

Ekki er gerð sú krafa í leiðbeiningum þessum eða lögum að félag skuli hafa vefsíðu og birta þar tilteknar upplýsingar. Ástæðan er sú að í fyrsta lagi eru stærri félög almennt með vefsíður og í öðru lagi birtir Kauphöllin allar tilkynningar á vef sínum www.icex.is. Fjallað er um upplýsingaskyldu skráðra félaga í 2. kafla kauphallarreglnanna og er hún tvenns konar.

Atviksbundin upplýsingagjöf, sbr. grein 2.2, kemur til þegar félag býr yfir áður óbirtum upplýsingum sem geta haft verulega þýðingu fyrir verðmyndun hlutabréfa. Í dæmaskyni eru nefnd nokkur tilvik en félagi ber einnig að tilkynna um önnur sambærilegt tilvik.

- Breytingar á skipan stjórnar, stjórnenda eða endurskoðenda, sbr. grein 2.2.2.
- Kaupréttaráætlanir starfsmanna, sbr. grein 2.2.3.
- Viðskipti innherja með bréf í félaginu, sbr. grein 2.2.4.
- Viðskipti félags með eigin bréf, sbr. grein 2.2.5.
- Skráningu félags í öðrum kauphöllum, sbr. grein 2.2.6.
- Breytingum á fjármögnun félags, sbr. grein 2.2.7.

Hinsvegar er um að ræða reglubundna upplýsingagjöf, sbr. grein 2.3 – 2.5, sem er tæmandi talin.

- Ársreikningur, ársfjórðungsuppgjör og hálfársuppgjör, sbr. grein 2.3.
- Hluthafafundir skulu vera opnar og breytingar á samþykktum skulu birtar, sbr. grein 2.4.
- Kjör stjórnenda, sbr. kafli 5.1. hér að framan.
- Hvort félag fari eftir leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og ef svo er ekki, þá af hverju, sbr. grein 2.5.9.



VÍSKAFTARÁÐ
ÍSLANDS



ICEX



SAMTÖK
ATVINNULÍFSINS

